

Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um samkomulag við Seðlabankann í Lúxemborg um kaup á útistandandi skuldabréfum Avens B.V. sem voru í eigu Landsbankans í Lúxemborg.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hve hátt var hlutfall reiðufjár í kaupum á útistandandi skuldabréfum Avens B.V. sem voru í eigu Landsbankans í Lúxemborg og hver var upphæðin í íslenskum krónum á kaupdegi?
2. Hve hátt var hlutfall íbúðabréfa í þessum kaupum og hver var upphæðin í íslenskum krónum á kaupdegi?
3. Hve hátt var hlutfall ríkisbréfa í þessum kaupum og hver var upphæðin í íslenskum krónum á kaupdegi?
4. Hversu hátt hlutfall íbúðabréfanna voru bréf útgefin af Íbúðalánasjóði og hver var upphæðin í íslenskum krónum?
5. Hversu hátt hlutfall íbúðabréfanna var tengt við gengisvísitölu, sem nú hefur verið dæmd ólögleg, og hver var upphæðin í íslenskum krónum?
6. Á hvaða verði, í íslenskum krónum á kaupdegi, keyptu lífeyrissjóðirnir þessi bréf af Seðlabanka Íslands?
7. Hefur Seðlabanki Íslands, f.h. ríkissjóðs, gert kröfu í þrotabú Landsbankans til að fá að fullu bættu þá upphæð sem skuldabréfið sem greitt var með fyrir Avens B.V. hljóðar upp á, eða er litið svo á að um tapað fé sé að ræða fyrir ríkissjóð að undanskilinni sölu íbúðabréfa til lífeyrissjóðanna?

Skriflegt svar óskast.